

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um landamærastöðvar og tilkynningarskyldu flytjenda, nr. 223 14. mars 2001.

#### 1. gr.

Í stað orðanna „eða ef“ í c-lið 2. mgr. 1. gr. kemur: og.

#### 2. gr.

Á eftir 1. lið 2. mgr. 2. gr. bætist nýr liður, er verður 2. liður, svohljóðandi: Litlisandur. 2.-25. liður verða 3.-26. liður.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

- a. Í stað orðanna „12 klst. áður en siglt er inn í landhelgina“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: 24 klst. áður en komið er til hafnar.
- b. Í stað i- og j-liða 2. mgr. koma nýir stafliðir:
  - i. síðasti viðkomustaður (staður og land),
  - j. fyrsti áætlunarstaður á Íslandi,
  - k. áætlaður komutími,
  - l. aðrar viðkomuhafnir á Íslandi,
  - m. brottfararhöfn á Íslandi,
  - n. áætlaður brottfarartími,
  - o. næsti ákvörðunarstaður (staður og land),
  - p. umboðsmaður.

#### 4. gr.

2. másl. 5. gr. verður svohljóðandi: Senda skal upplýsingar á tölvupóstfang Landhelgisgæslunnar eða Inmarsat C númer hennar.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. og 3. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 3. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, sbr. lög nr. 25 9. maí 2000, öðlast gildi 25. júní 2001.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. júní 2001.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Dís Sigurgeirsdóttir.*